**Nd. 473. Frumvarp til laga [83. mál]**

**um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.**

(Eftir 2. umr. í Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 424 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls,- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.